



Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 15. nóvember 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Borgartún 34-36

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 16. ágúst 2017, þar sem óskað eftir gögnum til að geta tekið afstöðu til erindisins. Einnig er lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 25. september 2017, uppd. Atelier arkitekta slf., dags. 7. mars 2017 lagf. 28. september 2017.

Einnig er lagt fram nýtt bréf Skipulagsstofnunar dags. 3. nóvember 2017 þar sem ekki er gerð athugasemd við birtingu auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda, þegar samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 11. október 2017 hefur verið afgreidd í borgarráði.

Leiðrétt bókun frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. október 2017.

Rétt bókun er:

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjöl: bréf Skipulagsstofnunar dags. 3. nóvember 2017

Reykjavíkurborg
Björn Axelsson
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík 3. nóvember 2017
Tilvísun: 201708027 / 3.5

Efni: Breyting á deiliskipulagi Borgartúns 34-36. Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg hefur, með erindi dags. 13. október 2017, sent Skipulagsstofnun breytingu á deiliskipulagi Borgartúns 34-36 að nýju til yfirferðar, samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Málsmæðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. laganna.

Skipulagsstofnun fór áður yfir gögn málsins, en gat ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsbreytingarinnar sbr. bréf dags. 16. ágúst 2017, þar sem bæði málgögn og umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vantaði. Jafnframt benti stofnunin á atriði sem þörfuðust nánari skýringa.


Með erindinu barst minnisblað skipulagsfulltrúa Reykjavíkur dags. 29. september 2017, ásamt greinargerð Mannvits um hljóðvist dags. 9. september 2017 og umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 23. september 2017, þar sem m.a. er vísað í kröfur sem þarf að uppfylla vegna hávaða- og loftmengunar.

Lagfært kortblað dags. 7. mars 2017/br. 28. september 2017 (merkt 01-4), barst með erindinu nú, þar sem deiliskipulagsbreytingin sett fram á uppdrætti í mkv. 1:500 ásamt uppfærðum skilmálum m.a. með tilliti til umsagnar HER og breytingu á fyrirkomulagi bílastæða. Einnig er í gönum vísað til skýrslu um hljóðvist og útreikninga frá september 2016 (Mannvit). Þrjú önnur kortblöð dags. 7. mars 2017, með sneiðingum og skýringarmyndum, eru óbreytt. Í skilmálum kemur m.a. fram að leitast verði við að hafa svefnherbergi sem snúi að garðhlið og hljóðtæknilegum lausnum verði beitt á efri hæðum hússins.

Aðalskipulagsbreyting sem varðar svæðið var staðfest 15. ágúst 2017. Núgildandi deiliskipulag lóðarinnar er breyting sem samþykkt var í borgarráði 2. júní 2004.

Skipulagsstofnun hefur farið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda, þegar samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 11. október 2017 hefur verið afgreidd í borgarráði.

Stofnuninni þurfa að berast ný eintök af uppdráttum 01-4 og 02-4 með uppfærðum samþykktardagsetningum.



Inga Björk Dagfinnsdóttir